

# Reikningsskilaráð ríkisins

5. Fundur – 1. febrúar 2017 kl. 09:00

## FUNDARGERÐ

### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð 4. fundar samþykkt.
2. **Bréf vegna breytinga á ársreikningalögum.** Samþykkt var tillaga að bréfi þar sem ráðið leggur til nauðsynlega breytingu ársreikningalögunum. Bréfið verður sent fjármála- og efnahagsráðuneytinu þar sem óskað er eftir að það fari fram á við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að það beiti sér fyrir að ná fram umbeðinni breytingu á lögum.
3. **Yfirferð á stöðlum. Framhaldsumræða.** Rætt var um IPSAS 28, 29 og 30, sem fjalla um fjármálagerninga, með tilliti til meðferðar á lánnum ríkissjóðs.
4. **Reikningsskil 2016.** Farið yfir stöðu mála hjá Fjársýslunni vegna uppgjöra ársins 2016. Almennt gengur vinnan gengur vel og ætti fjórði ársfjórðungur að liggja fyrir upp úr miðjum febrúar (greiðsluuppgjör). Stefnt er að því að ríkisreikningur verði birtur fyrir lok maí.
5. **Vinnuhópar á vegum reikningsskilaráðs.** Mikilvægt er að ráðið geti falið sérfræðingum að vinna verkefni sem það hefur til umfjöllunar á milli funda. Slíkt fyrirkomulag hefur tíðkast hjá sambærilegri nefnd, ríkisreikningsnefnd, sem starfaði samkvæmt fjárreiðulögum og þótti það gefast vel. Á vegum ríkisreikningsnefndar störfuðu tveir vinnuhópar, svokallaður tekjuhópur og gjaldahópur, sem höfðu það hlutverk að fjalla faglega um afmörkuð málefni m.a. útfrá stöðlum þar sem það átti við. Rætt var um að koma á fót slíkum vinnuhópum á vegum reikningsskilaráðs og jafnvel að bæta við þriðja hópnum sem fengi það hlutverk að fjalla um eignamat. Fyrir næsta fund verða teknar saman hugmyndir að erindisbréfum fyrir þessa hópa og hvaða aðilar skuli eiga fulltrúa í þeim.
6. **Önnur mál.**
  - Orlofsskuldbinding. Fjársýslan skýrði frá því að þessar skuldbindingar verði ekki færðar inn mánaðarlega hjá stofnunum á árinu 2017. Þess í stað verður staðan reiknuð í ársbyrjun 2017 og svo aftur árslok 2017, en stefnt er að mánaðarlegri keyrslu á árinu 2018.

Fundið slitið 10:30

Næsti fundur sem átti að vera 1. mars nk. mun flytjast til og verður boðað sérstaklega til hans.